

Um ritgerðarsmíð í hagfræðiskor

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar þeim sem hyggjast skrifa ritgerðir um hagfræðileg efni. Leiðbeiningarnar byggja á ákveðnum hefðum sem festu hafa í sessi, því þær stíl- og framsetningarvenjur hafa þótt til skilningsauka fyrir lesendur ritgerða. Kjósi einhver að víkja frá þessum hefðum verður sá hinn sami að hafa góð rök fyrir afbrigðum sínum.

Efnisleg skipan ritgerða

Skipulag allra ritgerða er að mestu eins, enda tilgangur allra ritgerða hinn sami, að svara spurningum, einni eða fleiri, og rökstyðja svörin. Efni ritgerðar krefst þess yfirleitt ekki að skipan hennar sé öðruvísi en hefðin segir til um ritgerðir almennt.

Hvernig er ritgerð byggð upp?

Inngangur

Meginmál

Niðurstaða

Allar ritgerðir hefjast á inngangi, sem útskýrir tilgang (spurningum varpað fram), gefur hugmynd um fræðilegt samhengi og bakgrunn efnisins, og, ef ritgerðin er af lengri gerð, gerir grein fyrir skipulagi hennar (hvernig verður efnið nálgast, hvernig verður reynt að finna svör við spurningunum). Því næst kemur meginmál ritgerðarinnar, en veltur það mjög á efni hvernig það er útfært. Að lokum enda ritgerðir á einhverjum lokaorðum, á niðurstöðum (þar sem niðurstöður, ein eða fleiri, eru áréttáðar).

Góð rök má hafa fyrir afbrigði frá hefðum um ritgerðarsmíð þegar svokallaðar rannsóknaskýrslur eru skrifaðar. Rannsóknaskýrslur fjalla um mjög afmarkað efni og rannsókn á því efni. Slíkar skýrslur eru oft frekar tæknilegar í framsetningu og því eðlilegt að reynt sé að koma til móts við lesendur með annarri skipan.

Hvernig er rannsóknaskýrsla byggð upp?

Útdráttur

Inngangur

Aðferð

Niðurstöður

(Umræða)

Í útdrætti er megininntaki, helstu aðferð og helstu niðurstöðum lýst á skilmerkilegan hátt. Inngangur, aðferð og niðurstöður er sambærilegt við hið hefðbundna ritgerðarform, en umræða er notuð til að útskýra hvernig staðið gæti á því að niðurstöður skýrslunnar staðfesta ekki tilgátur hennar. Einnig má nota umræðu til að draga ályktanir af rannsókninni.

Kaflaskipting o.fl.

Allar ritgerðir byrja á titilblaði. Því næst ætti formleg skipan ritgerðar að vera þannig (í minni ritgerðum eru sumir liðir óþarfir):

Þakkir
Formáli
Efnisyfirlit
a. kaflar
b. myndir
c. töflur
d. setningar
Inngangur
Meginmál (einn eða fleiri kaflar)
Niðurstaða
Viðaukar
Heimildaskrá

Í meginmáli er heppilegt að númera kafla, t.d. þannig:

1. Fyrsta kaflaheiti
1.1. Fyrsta undirkaflaheiti
o.s.frv.

Æskilegt er að töflur, myndir og kennisetningar séu númeraðar. Þetta má gera á ýmsan hátt, t.d. þannig:

Tafla 1. Titill fyrstu töflu	Tafla 1.1. Titill fyrstu töflu í fyrsta kafla
Mynd 1. Titill fyrstu myndar	Mynd 1.1. Titill fyrstu myndar í fyrsta kafla

Yfirlit yfir allar töflur og myndir skal birtast á sérstakri síðu á viðeigandi stað í ritgerðinni.

Tilvísanir og tilvitnanir

Tilvitnanir og tilvísanir verða að fullnægja viðurkenndum formreglum. Mismunandi stíl er þó að finna í hinum ýmsu tímaritum og því verða engar ófrávikjandi reglur settar um stíl hér. Mestu máli skiptir að vera sjálfum sér samkvæmur og að allar tilvísanir og tilvitnanir í hverri ritgerð fylgi sama stílformi.

Heppilegasta form tilvísana er þannig:

Adam Smith útmálaði kosti einkaframtaks í skjóli eignarréttar í höfuðriti sínu um *Auðlegð þjóðanna* (1776). Karl Marx komst að annarri niðurstöðu 70 árum síðar: hann var hlynntur afnámi einkaeignarréttar, eins og fram kemur í *Kommúnistaávarpinu* (1848, ásamt Friedrich Engels) og í *Fjármagninu* (1867).

Adam Smith (1776) útmálaði kosti einkaframtaks í skjóli eignarréttar í höfuðriti sínu um *Auðlegð þjóðanna*. Karl Marx (1848, ásamt Friedrich Engels, og 1867) komst að annarri niðurstöðu 70 árum síðar:

hann var hlyntur afnámi einkaeignarréttar, eins og fram kemur í *Kommúnistaávarpinu* og í *Fjármagninu*.

Hann útmálaði kosti einkaframtaks í skjóli eignarréttar í höfuðriti sínu um auðlegð þjóðanna (Smith 1776). Karl Marx komst að annarri niðurstöðu 70 árum síðar: hann var hlyntur afnámi einkaeignarréttar (Marx og Engels 1848 og Marx 1867).

Heppilegasta form tilvitnana er þannig:

Eins og Þorvaldur Gylfason (1993, bls. 36) hefur bent á „útmálaði [Smith] kosti einkaframtaks í skjóli eignarréttar í höfuðriti sínu“.

Eins og bent hefur verið á „útmálaði [Smith] kosti einkaframtaks í skjóli eignarréttar í höfuðriti sínu“ (Þorvaldur Gylfason 1993, bls. 36).

Lengri tilvitnanir eru hinsvegar meðhöndlaðar án tilvitnunarkerkja, en afmarkaðar með greinaskilum og stærri spássúm:

Niðurstaða Þorvaldar (1993, bls. 43) er:

Ég kem ekki auga á neinar sérstakar íslenskar aðstæður, sem valda því, að ríkisbankarekstur eigi betur við hér en einkabankarekstur. Þvert á móti virðist mér bera brýnni nauðsyn til þess hér en víðast hvar annars staðar að draga úr veldi stjórnmalaflokka og dreifa því til almennings og einnig að auka hagkvæmni í bankarekstri með tiltækum ráðum.

Niðurstaða hans er:

Ég kem ekki auga á neinar sérstakar íslenskar aðstæður, sem valda því, að ríkisbankarekstur eigi betur við hér en einkabankarekstur. Þvert á móti virðist mér bera brýnni nauðsyn til þess hér en víðast hvar annars staðar að draga úr veldi stjórnmalaflokka og dreifa því til almennings og einnig að auka hagkvæmni í bankarekstri með tiltækum ráðum. (Þorvaldur Gylfason 1993, bls. 43).

Heimildum er raðað eftir stafrófsröð höfunda í heimildaskrá:

Davies, D. G. og P. F. Brucato. 1987. „Property rights and transaction costs: Theory and evidence on privately-owned and government-owned enterprises”, *Journal of Institutional and Theoretical Economics* 143, 7.-22. bls.

Guðmundur Magnússon. 1992. *Peningar og Gengi: Greinasafn um hagstjórn og peningamál á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.

Scott, A. D. 1989. „Conceptual Origins of Rights Based Fishing”. Í P. A. Neher, R. Arnason og N. Mollett (Ritstjórar). *Rights Based Fishing* (34.-49. bls.). New York: Kluwer.

Þorvaldur Gylfason. 1993. „Bankar: Úr ríkiseigu í einkaeign”, *Fjármálatíðindi* 40, 36.-44. bls.

Takið vel eftir hvaða hluti tilvísana er skáletraður í hverju tilviki. Í stað skáleturs er heimilt að nota undirstrikun eða feitletur.

Heimildir til frekari upplýsingar

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. 1992. *Gagnfræðakver handa háskólanemum (önnur útgáfa)*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

McCloskey, Donald M. 1987. *The Writing of Economics*. New York: Macmillan Publishing Company.